



Fundargerð aðalfundar 2010

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2010 var haldinn í Höfðatúni 2 í Reykjavík, 26. maí 2010 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 8 hluthafa sem eiga samanlagt 82.29 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Huldu Björk Þorkelsdóttur, Reykjanesbæ, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs. Hörður tilkynnti að hann mun hætta í stjórn fyrirtækisins frá og með þessum aðalfundi.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Árni Sigurjónsson tók til máls um skýrslu stjórnar og reikninga fyrirtækisins. Hann þakkaði Herði vel unnin störf sem formaður stjórnar fyrirtækisins og tók undir hugmynd Harðar um að halda upp á 10 ára afmæli fyrirtækisins í nóvember á næsta ári með málþingi um stefnumótun til framtíðar.
3. Lagt var til að í stað Borgartún 37 í 2. gr. samþykka standi framvegis Höfðatún 2. Tillagan var samþykkt.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:
 - Anna Torfadóttir (kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
 - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
 - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
 - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
 - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
 - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
5. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2009 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2010-til aðalfundar 2011 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6 H
H3P




7. Önnur mál.


Hörður þakkaði fundarmönnum fundarsetu og vinsamleg orð í sinn garð. Anna Torfadóttir afhenti Herði blómvönd frá stjórn með þökkum fyrir ánægjulegt samstarf.

Eiríkur Þorláksson, fulltrúi ráðuneytisins, færði Herði einnig þakkir frá ráðuneytinu fyrir góð störf, Eiríkur sagði frá því að Blindrabókasafn stefni að því að skrá sinn kost í Gegni, skemmtilegt viðbót og bætir þjónustu við viðskiptavini þess.

Sveinbjörg bauð nýjan stjórnarmann, Árna Sigurjónsson, velkominn til starfa og endurkjörinni stjórn, og þakkaði Herði fyrir gott samstarf. Hún rifjaði upp kynni sín af Herði bæði hjá Eimskip og Landskerfi og sagði að það hafi verið forréttindi að fá að starfa með honum.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.
Fundi var slitið kl. 15:50


Erla S. Árnadóttir


Hulda Björk Þorkelsdóttir